



Október 2017

Bæjarskrifstofur Akraneskaupstaðar,  
b.t. félagsmálastjóra,  
Stilholti 16-18,  
300 Akranesi.

Akraneskaupstaður 

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
3.11	GJSÓ	26. OKT. 2017
Abm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
St. A	SAS	1710201

### Efni: Umsókn um rekstrarstyrk fyrir 2018

Á undanförunum árum hefur aðsókn að dvöl í Kvænnaathvarfinu aukist mjög mikið og er nú svo komið að mikil þrengsli eru jafnan í húsinu og mikil þörf orðin á að kaupa eða byggja nýtt hús fyrir starfsemina. Ákveðið hefur þó verið að láta það hafa forgang að byggja litlar íbúðir, sem hugsaðar væru sem einkonar áfangaheimili fyrir dvalarkonur þegar dvöl þeirra í athvarfinu lýkur. Ætlunin er að konurnar fengju þar tímabundna leigu á vægu verði, en jafnframt myndu þær vera í nánum tengslum við kvænnaathvarfið. Fram fór mikil söfnun til styrktar þessu málefni undir merkinu: **Á allra vörum**. Þjóðin brást mjög vel við þessu ákalli og söfnuðust nærri 80 milljónir króna, sem munu renna óskiptar til þessa verkefnis.


Þörfin fyrir þá aðstoð sem veitt er í Kvænnaathvarfinu hefur aldrei verið augljósari en nú, en eins og fyrr er það markmiðið að veita skjól fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum verður þeim óbærileg vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis annars heimilismanns. Auk þess er boðið upp á stuðningsviðtöl fyrir konur sem þurfa ekki að yfirgefa heimili sín vegna ofbeldis, en þarfnast aðstoðar við að ráða fram úr málum sínum.

Vegna aukinnar aðsóknar í athvarfið hefur þurft að fjölga starfsfólki og og reynt að auka fjölbreytni í þjónustu nokkuð, t.d hefur verið ráðinn lögfræðingur í hlutastarf til að aðstoða konur við að ráða fram úr málum sínum.

Í ljósi þessa er hér með farið fram á við ykkur að Kvænnaathvarfinu verði veittur rekstrarstyrkur fyrir komandi starfsár að fjárhæð **Kr. 400.000.-**

Ef óskað er nánari upplýsinga um fjárreiður eða starfsemi samtakanna að öðru leyti, er undirrituð reiðubúin að veita þær.

F.h. Samtaka um kvænnaathvarf,



Þórlaug R. Jónsdóttir  
(thorlaugj@gmail.com)